

Jafnréttisáætlun Mosfellsbæjar 2014-2018

Jafnréttisáætlunin byggir á heildarstefnu Mosfellsbæjar sem samþykkt var árið 2008 og gildum sveitarfélagsins sem eru *virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja*. Áætlunin er ennfremur unnin í samræmi við lög númer 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, svo og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum sem var undirritaður árið 2008.

Fjölskyldunefnd hefur umsjón með mótun jafnréttisáætlunar Mosfellsbæjar og framkvæmd hennar í samvinnu við jafnréttisfulltrúa. Lögð er áhersla á að öll svið og stofnanir bæjarfélagsins framfylgi jafnréttisáætluninni með markvissum hætti.

Jafnréttisfulltrúi vinnur í samstarfi við bæjaryfirvöld, framkvæmdastjóra, forstöðumenn stofnana svo og aðra sem að jafnréttismálum koma.

Jafnréttisáætlun Mosfellsbæjar er aðgengileg á vef bæjarins og kynnt öllum stjórnendum, starfsfólki og kjörnum fulltrúum.

Jafnréttisáætlun skal endurskoðuð í upphafi hvers kjörtímabils.

Jafnréttisáætlun Mosfellsbæjar er þrjúþætt. Í fyrsta lagi tekur hún til samfélagsins Mosfellsbæjar og þjónustu við íbúa. Í öðru lagi tekur hún til menntunar og uppeldis þar sem horft er til skóla og leikskóla í bænum. Í þriðja lagi tekur hún til Mosfellsbæjar sem vinnustaðar og vinnuveitanda.

1. Samfélag og þjónusta

- a. Kynja- og jafnréttissjónarmið skulu samþætt inn í alla stefnumótun og ákvarðanatöku á vegum bæjarins.
- b. Konum og körlum skal ekki mismunað í þjónustu og starfsemi bæjarins.
- c. Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum bæjarins skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.
- d. Unnið skal markvisst að því að auka jafnréttisvitund íbúa.
- e. Jafnréttisdagur Mosfellsbæjar skal haldinn hátíðlegur í tengslum við 18. september ár hvert.
- f. Á jafnréttisdegi Mosfellsbæjar veitir fjölskyldunefnd viðurkenningu þeim einstaklingi, stofnun, fyrirtæki eða félagasamtökum sem hefur staðið sig best í að framfylgja jafnréttislögum og/eða Evrópusáttmálanum um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum og/eða jafnréttisáætlun Mosfellsbæjar.
- g. Markvisst skal unnið gegn kynbundnu ofbeldi.
- h. Þau félagasamtök sem njóta styrkja frá bænum skulu skila inn kyngreindum upplýsingum með ársskýrslum.
- i. Tekið skal mið af kynjasjónarmiðum við skipulag og framkvæmd tómsundastarfs eldri borgara.

2. Menntun og uppeldi

- a. Taka skal tillit til ólíkra þarfa stúlkna og drengja þegar kemur að skipulagi kennslu og framsetningu námsefnis.
- b. Fræðsla um jafnréttismál skal veitt á öllum skólastigum.
- c. Starfsfólk á öllum skólastigum skal fá viðeigandi fræðslu og þjálfun til að búa nemendur af báðum kynjum undir þátttöku í jafnréttis- og lýðræðisþjóðfélagi.
- d. Markvisst skal unnið að afnámi staðalímynda.
- e. Kynjasjónarmiða skal gætt við skipulag náms og framsetningu kennsluefnis.
- f. Tekið skal mið af kynjasjónarmiðum við skipulag og framkvæmd frístundastarfs.
- g. Þess skal gætt á öllum skólastigum að foreldrar af báðum kynjum og óháð forræði barna hafi jafnan aðgang að upplýsingum sem varða barnið.

3. Vinnustaðurinn

- a. Stofnanir Mosfellsbæjar skulu í upphafi hvers kjörtímabils setja fram framkvæmdaáætlun sem segir til um hvernig viðkomandi stofnun ætli að útfæra jafnréttisáætlun Mosfellsbæjar.
- b. Framkvæmdaáætlun stofnunar skal yfirfarin í september ár hvert til að tryggja að markmiðin náist.
- c. Unnið skal markvisst að því að auka jafnréttisvitund starfsfólks.
- d. Starfsfólk og kjörnir fulltrúar skulu fá markvissa fræðslu um jafnréttismál.
- e. Í auglýsingu um starf hjá Mosfellsbæ skal koma fram hvatning þess efnis að konur jafnt og karlar sækji um starfið.
- f. Jafnréttissjónarmið skulu metin til jafns við önnur sjónarmið þegar ráðið er í starf hjá Mosfellsbæ.
- g. Þess skal gætt að konur og karlar njóti að öllu leyti sambærilegra kjara og starfsaðstæðna. Það telst þó ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar og fæðingar.